

Mál nr. 237/2014**M
og****vátryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingar í fjölskyldutryggingu.****Ágreiningur um túlkun á undanþáguákvæði í málskostnaðartryggingu.****Gögn.**

121. Málskot, móttækið 28.7.2014, ásamt fylgigögnum.

122. Bréf X, dags. 12.8.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Af málatilbúnaði M er að skilja að hann hafi höfðað dómsmál á hendur A til viðurkenningar á eignarrétti sínum að tiltekinni spildu í landi B, en A mun vera þinglýstur eigandi spildunnar.

Hefur M krafist þess að kostnaður hans af málsókninni fái greiddur úr málskostnaðartryggingu sem er einn þáttur fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt grein 25.1 í skilmálum málskostnaðartryggingarinnar bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Samkvæmt grein 25.9 í skilmálunum bætir vátryggingin ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en M hafi höfðað umrætt dómsmál sökum þess að hann kveður sig vera eiganda spildunnar sem deilt er um í málinu. Eins og hér stendur á verður að líta svo á að málareksturinn varði M sem eiganda fasteignar. Með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis vátryggingarskilmálanna á M ekki rétt á að fá greiddan málskostnað úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu hjá X.

Reykjavík, 9. september 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.